

VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. D 2/2/290
komudagur 26.11.97

Hafðís Ólafsdóttir nefndarritari
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Pórshamri v/Templarasund
Fax 563 0610

Reykjavík 26/11/97

tilvísun: 3510E752.DOC

Vátryggingaeftirlitinu barst í gær 25. nóvember formlegt erindi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um að veita umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nokkru áður hafði frumvarpið borist eftirlitinu og boðað að leitað yrði umsagnar.

Sá tími sem til stefnu er er því miður of skammur til að unnt sé að fjalla starlega um frumvarpið og bera breytingar á því saman við eldri gerðir þess en Vátryggingaeftirlitið hefur áður í tvígang sent nefndinni umsögn sína.

Vátryggingaeftirlitið telur nauðsynlegt að koma nú þegar á framfæri athugasemd við 8. gr. frumvarpsins sem er óbreytt frá fyrri gerð þess og ítrekar Vátryggingaeftirlitið hér með athugasemdir sem það hefur áður gert, og í báðum umsögnum sínum, við 2. tölulið 3. mgr. 8. gr., þ.e. að skilyrði þess að líftryggingafélög megi stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd sé að félagið hafi starfsstöð á Íslandi.

Vátryggingaeftirlitið telur það brot á ákvæðum EES-samningsins á vátryggingasviði að hindra það að erlend líftryggingafélög á Evrópska efnahagssvæðinu sem leyfi hafa til að veita þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar geti stundað þessa starfsemi og tekið við iðgjöldum til jafns við þá sem starfsstöð hafa. Ekki má mismuna þessum aðilum samkvæmt EES-samningnum. Nú þegar hafa um 100 erlend vátryggingafélög á Evrópska efnahagssvæðinu tilkynnt um þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar þar af um 30 sem leyfi hafa til líftryggingastarfsemi.

Eitt erlent líftryggingafélag hefur nú þegar starfsstöð á Íslandi (Allianz) og hefði það samkvæmt frumvarpinu heimild til að stunda þessa starfsemi og taka við iðgjöldum en ekki önnur erlend félög með leyfi hér á landi.

Þá má benda á að með orðalagi 2. tölul. 8. gr. er líftryggingafélögum utan Evrópska efnahagssvæðisins gert hærra undir höfði en líftryggingafélögum innan svæðisins vegna þess að þau verða samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi að setja upp starfsstöð hér á landi hyggist þau starfa á líftryggingasviði hér. Með því að koma hér upp starfsstöð hefðu þau leyfi til að stunda umrædda starfsemi. Það væri án efa brot á EES-samningnum að mismuna þannig félögum á markaðnum.

Með því að breyta orðinu starfsstöð í 2. tölul. 3. mgr. 8. gr. í starfsleyfi væri málið leyst hvað þetta atriði varðar. Raunar hlýtur sama að gilda um 1. tölulið sömu greinar þar eð sama gildir um banka og sparisjóði samkvæmt EES-samningnum að því er Vátryggingaeftirlitið best veit en þau mál heyra undir Bankaeftirlitið. Vátryggingaeftirlitið fjallar ekki um skattalega hlið þessa máls.

Þessu er hér með komið á framfæri en eftirlitið mun, ef nokkur kostur er, koma á framfæri fleiri athugasemdum eftir frekari skoðun frumvarpsins.

Vörðingur fyllst
VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ

Erlendur Lárusson
forstöðumaður